

## Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2022, fimmtudaginn 7. apríl, var haldinn 40. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.04. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Bergþór G. Böðvarsson, Björgvin Björgvinsson og Ingólfur Már Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Hallgrímur Eymundsson, Hanna Björk Kristinsdóttir, Lilja Sveinsdóttir og Rannveig Ernudóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Ágústa Rós Björnsdóttir og Tómas Ingi Adólfsson, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með rafrænum hætti: Bragi Bergsson.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á hönnun á Káratorgi. MSS22040060

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir, Edda Ívarsdóttir, Magnús Bjarklind og Rebekka Guðmundsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

2. Lagt er fram erindi frá öryggisnefnd Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 4. apríl 2022, varðandi aðgengi úr Tjarnarsal Ráðhússins. MSS22040056

Aðgengis- og samráðsnefnd óskar eftir því að fasteignastjóra og hönnuði Ráðhússins verði falið að finna viðunandi lausn á aðgengi úr Tjarnarsal í neyðartilfellum í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd og öryggisnefnd Ráðhússins.

Samþykkt.

3. Fram fer umræða um aðgengismál við félagsmiðstöð aldraðra í Árbæ. MSS22040059 Formanni nefndarinnar og starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs falið að vinna málið á milli funda.

Samþykkt.

4. Fram fer umræða um aðgengismál í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. MSS22040057

5. Fram fer umræða um aðgengismál við gatnamót í póstnúmeri 110. MSS22040098 Starfsmanni aðgengis- og samráðsnefndar falið að senda erindi á samgöngustjóra vegna málsins.

Samþykkt.

### Fundi slitið kl. 14.57

Þorkell Heiðarsson

Rannveig Ernudóttir  
Hallgrímur Eymundsson  
Björgvin Björgvinsson  
Bergþór G. Böðvarsson

Ingólfur Már Magnússon  
Lilja Sveinsdóttir  
Hanna Björk Kristinsdóttir